



274. Stjórnarfundur haldinn 25. okt. 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tvö heillaskeyti v/bikarmeistaratitils í knattspyrnu, Lögreglan í Keflavík lætur vita að rannsókn í máli varðandi rúðubrot í félagsheimili okkar þann 22. 04. 2006 sé hætt, UMFÍ v/ flott án fíknar, UMFÍ v/ dagskrá 35. Sambandsráðsfundar á Flúðum 28. okt. 2006, Afrit af slysaskýrslu frá fimleikadeild, Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneyti v/ hreyfing fyrir alla, tilraunar verkefni og ÍSÍ v/ fargjald til Vestmannaeyja.

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda og sett í hólfi deilda um að skilafrestur á að senda inn greinar í jólablaðið er föstudaginn 3. nóv. 2006, Tölvupóstur til allra stjórna félagsins um að taka þátt í námskeiði í strykjum sem Íþróttakademían heldur með UMFÍ og Heillaskeyti til þjálfara meistaraflokks karla knattspyrnu og hans konu Rósu en þau gegnu í það heilaga 14. okt. 2006

4. Nýtt félagsheimili okkar að Sunnubraut

Einar skýrði frá stöðu mála. Búið að halda tvo fundi frá síðasta stjórnarfundum og fara í eina skoðunarferð til Reykjavíkur sem var nú í morgun. Búið er að boða til næsta fundar en hann er á mánudaginn 30. okt. 2006.

5. Fundur með stjórn fimleika- og taekwondodeildar

Fundur með fimleikadeild kl. 18:00 – 19:15

Einar bauð stjórn fimleikadeildar velkomin á stjórnarfund aðalstjórnar. Mættar voru formaður Eva Sveinsdóttir, varaformaður Sveinbjörg Sigurðardóttir, Helga Hildur Snorradóttir og Herdís Halldórsdóttir meðstjórnendur. Einar fór yfir tilgang þessa fundar en hann er að aðalstjórn hefur sett sér það markmið að funda með öllum stjórnnum félagsins og eiga þeir fundir að koma í stað formannafundar. Einar gaf síðan Evu orðið. Eva fór yfir helstu atriði sem eru efst á baugi. Fyrst er að taka að aðstaðan er löngu sprungin og margir sem eru á biðlista og of margir iðkendur eru á æfingu á sama tíma sem er í rauninni ekki boðlegt. Það voru 380 iðkendur sem skráðu sig á innritunardeginum og þar af 18 strákar 5 – 6 ára og æfa þeir sér. Æfingargjöldum er stillt í hólfi. Sú aukning sem er í deildinni er að hluta til komin vegna valmöguleikans í Frístundarskólanum, sem gerir fleirum fært að stunda íþróttina. Deildin hefði viljað fá fleiri tímum úthlutað í B-sal og er nú með æfingar á laugardögum langt fram eftir degi, einnig æfa þær í íþróttahúsinu við Myllubakkaskóla. Deildin telur brýnt að byggja nýja aðstöðu fyrir fimleikafólk og óskar eftir því að það sé sett á forgangslista að nýtt fimleikahús rísi fyrr en seinna. Einar kom inn á heimasíðu félagsins og hvatti deildina til að setja inn þá viðburði sem væru á vegum deildarinnar inn á dagatalið,





svo og aðrar fréttir frá deildinni inn á heimasíðu félagsins og aðra þá möguleika sem eru í boði varðandi síðuna. Komið var inn á að ef slys verða, þá á að kalla á sjúkrabíl. Rætt um launa- og fjármál sem eru í góðum málum. Einar minnti deildina á að skila reglulega bókhaldi til framkvæmdastjóra félagsins en bókhald er fært á skrifstofu aðalstjórnar þar sem laun eru einnig reiknuð og gengið frá þeim. Einar þakkaði deildinni fyrir góðan fund. Fundi lauk 19:15

Fundur með taekwondodeild kl. 19:15 – 20:00

Einar bauð Þóru Gunnarsdóttur velkomna á fund aðalstjórnar en hún var ein mætt af hálfu deildarinnar. Einar fór yfir tilurð þessar fundar eins og má sjá hér að framan og gaf síðan Þóru orðið. Þóra fór yfir helstu málefni deildarinnar. Einhverjar breytingar eru fyrirsjáanlegar á stjórn á næsta aðalfundi. Iðkendur eru liðlega 80 og eru í barnahóp 60 og 20 í fullorðinshóp. Fjölgun hefur verið á yngri iðkendum. Æfingar eru í íþróttasal Myllubakkaskóla sem er ekki með heppilegasta gólfefnið fyrir iðkendur taekwondo annars er salurinn hentugur að stærð. Deildin á möguleika á að fá styrk til mottukaupa og er verið að skoða málið með Íþróttakademíunni og Stefáni Bjarkasyni MÍT. Íþrótt- og tómstundaráð hefur verið að greiða húsaleigu á laugardögum fyrir aðstöðu fyrir deildina í leigusal úti bæ. Búningamál rædd en iðkendur verða sjálfir að sjá sér fyrir búningi ekki er um sameiginleg innkaup hjá deildinni að ræða. Deildinni var bent á að nota rétt logo á búningana. Rætt um launa og fjármál sem eru í góðum málum. Einar minnti deildina á að skila bókhaldi reglulega inn til framkvæmdastjóra félagsins en bókhald er fært á skrifstofu aðalstjórnar þar sem laun eru einnig reiknuð og genið frá þeim. Einar kom inn á heimasíðu félagsins og hvatti deildina til að setja inn þá viðburði sem væru á vegum hennar inn á dagatalið, svo og aðrar fréttir á heimasíðu félagsins.

Einar þakkaði Þóru Gunnarsdóttur fyrir góðan fund. Fundi lauk 20:05

6. Önnur mál.

Einar sagði frá því að jólablaðið væri komið af stað og áætlað að það komi út helgina 8. – 10. desember 2006.

Búið að gera samning við 365 ljósvakamiðla varðandi stöð 2 og Sýn.

Knattspyrnudeild færð blómaskreyting á uppskeruhátíðinni í Stapa 21. október 2006.

Ákveðið að leysa sögunefnd frá stöfum og fresta ritun á sögu félagsins um óákveðinn tíma.

Næsti fundur er 8. nóv. 2006

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:35

